



KENNARASAMBAND Íslands  
Borgartúni 30 • IS-105 Reykjavík • Sími 595 1111 • @kennarasamband  
ki@ki.is • www.ki.is

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Arnarhvoli við Lindargötu 101 Reykjavík

**Efni: Umsögn Kennarasambands Íslands um drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna hækkunar lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs og ákvæðum um tilgreinda séreign (lágmarkstryggingavernd o.fl.), mál nr. 66/2022 í Samráðsgátt.**

Reykjavík, 27. mars 2022

Lífeyriskerfið stendur frammi fyrir margvíslegum áskorunum um þessar mundir. Má þar meðal annars nefna hækkandi lífaldur, breytingar á atvinnuþáttöku og –háttum, lækkandi vaxtastig á alþjóðavísu, tíðar efnahagsþrengingar, breytingar á atvinnulífi og fjárfestingum á grundvelli samfélagslegrar ábyrgðar. Á Íslandi er rekið þriggja stöða lífeyriskerfi þar sem séreignarsparnaður, samtrygging og almannatryggingar eiga í sameiningu að tryggja áhyggjulaust ævikvöld.

Ítrekaðar tilraunir yfirvalda til að gera grundvallarbreytingar á grunnþáttum lífeyriskerfisins án raunverulegs samráðs eru orðnar sjálfstæður og alvarlegur áhættuþáttur í íslenska lífeyriskerfinu. Það er ekki aðeins í andstöðu við góða starfshætti og stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar heldur fullkomlega ábyrgðarlaust að stefna að lagabreytingum á grundvelli þeirra frumvarpsdraga sem hér liggja fyrir.

Kennarasamband Ísland tekur undir með þeim sem krefjast þess að haft verði raunverulegt samráð um grundvallaratriði íslenska lífeyriskerfisins og leggst gegn því að frumvarpið verði lagt fram.

Virðingarfyllt,

Ragnar Þór Pétursson, formaður